

Stjórnarfundur UMSB 21. maí 2016 kl: 20:00 í Þjónustumiðstöð UMSB

Mætt: Sólrún Halla sambandsstjóri, Þórhildur María, Elfa Pétursdóttir gjaldkeri, Þórkatla Dagný ritari, Pálmi framkvæmdastjóri.

1. Sambandsstjóri setur fundinn.

Sólrún Halla sambandsstjóri setur fundinn.

2. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Fundargerð samþykkt samhljóða og ritað undir.

3. Vorfundur UMFÍ.

- a. Sævar Kristinsson frá KPMG hélt erindi um framtíðafraeði, meginstrauma og lýðheilsu.
- b. Fjalar Sigurðsson markaðsstjóri Nýsköpunarmiðstöðvarinnar hélt erindi um upplýsingamiðlun, talaði um að kynning á verkefnum er mikilvæg. Mikilvægt að velja sér markmið/markhóp áður en farið er í kynningarstarf.
- c. Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ fór yfir stefnu UMFÍ 2016 - 2020. Verið að vinna í stefnu UMFÍ, stefnan verður síðan lögð fyrir sambandsráð UMFÍ 14- 15 október 2016.
- d. Sabína Steinunn Halldórsdóttir kynnti Hreyfivikuna.
- e. Ómar Bragi Stefánsson kynnti Landsmótin sem eru framundan en þau eru:
 - I. Landsmót 50+ á Ísafirði 10. - 12. júní 2016.
 - II. Unglingalandsmót í Borgarnesi 2016.
 - III. Landsmót 50+ í Hveragerði 2017
 - IV. Landsmót UMFÍ á Sauðárkróki 2018.
 - V. Unglingalandsmót í Þorlákshöfn 2018.

4. Unglingalandsmót.

- a. Fundur 20.6.2016 þar sem ákveðið hvaða keppnisgreinar verða, 14 greinar. Strandblak og tölvuleikir verða ekki keppnisgrein á unglingalandsmótinu.
- b. Flestar greinar verða haldnar hér á svæðinu, skák, stafsetning og uppsetning verða haldin í Brákarhlíð. Glíman verður haldin í Skallagrímssgarði ef veður leyfir annars í Hjálmakletti. Ólympískar lyftingar verða haldnar í Hjálmakletti

- c. Framkvæmdi ganga vel, farið verður yfir skipulag á íbúafundi á fimmtudaginn 23.6.2016. Fyrir fundinn kemur stjórn UMFÍ í heimsókn að skoða svæðið, unglíngalandsmótsnefnd sér um það.
 - d. Skipulagið á góðu róli, það er komin flott skemmtidagskrá. Það er verið að búa til auglýsingar og plaköt til að auglýsa dagskránnu. Kvöldvökur haldnar uppá tjaldstæði ef veður verður gott annars verða þær haldnar í Reiðhöllinni.
 - e. Fjármögnun gengur vonum fram.
 - f. Unglíngalandsmótið í góðum farvegi og allt á góðu róli.
 - g. BÓKA: Athuga verð á veifum fyrir skruðgöngu. Ákveða fyrir næsta fund hvað á að gera fyrir keppendur UMSB fyrir unglíngalandsmót (niðurgreiða þáttökugjöld, veifur).
5. Skipulagsmál, skotsvæði og mótorsportsvæði.
- a. Gert var hljóðpróf á báðum stöðum, skýrslan kom mjög vel út.
 - b. Enginn kostnaður fyrir Borgarbyggð, félögin ætla að greiða fyrir þetta.
 - c. Formaður byggðarráðs og sveitastjóra ætla að funda til þess að klára málið, þar að segja fá kostnaður áætlun og fleira.
6. Fatamátun.
- a. Stjórnarmeðlimir mátuðu peysur fyrir unglíngalandsmót.
7. Önnur mál.
- a. Sambandsráðsfundur verður haldin að Laugum í Sælingsdal 14-15 október 2016.
 - b. Fulltrúi frá okkur fór á dansþing.
 - c. Umsókn um styrk barst til UMSB (eftir umsóknartíma) verður því tekið fyrir á aðalfundi í september.

Næsti fundur 19. júlí 2016 kl: 20 í þjónustumiðstöð UMSB í Borgarnesi.

Fundi slitið kl: 20:58
Þórkatla Dagný ritaði fundargerð.

